

1. Hann skal hafa hjúkrunarleyfi hér á landi skv. 1. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974.
2. Hann skal hafa lokið meistaraþrófi, licentiatþrófi eða doktorsþrófi frá viðurkenndum háskóla eða hafa sambærilega menntun.
3. Hann skal hafa unnið við hjúkrun að loknu prófi skv. 2. tölul., sem svarar til að minnsta kosti tveimur árum í fullu starfi við þá sérgrein eða á því sérsviði sem umsókn hans um sérfræðileyfi tekur til.

6. gr.

Peir sérfræðingar sem hlotið hafa sérfræðileyfi í hjúkrun skv. reglugerð um veitingu sérfræðileyfa nr. 98/1976 og reglugerð um veitingu sérfræðingsleyfa nr. 426/1993 halda þeim réttindum sínum.

7. gr.

Sérfræðingur sem hlýtur sérfræðileyfi eftir gildistöku þessarar reglugerðar skal endurnýja sérfræðileyfi sitt á tíu ára fresti og staðfesta að hann starfi og hafi viðhaldið þekkingu sinni í þeirri sérgrein eða á því sérsviði sem hann hefur sérfræðileyfi í.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 3. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 426/1993, um veitingu sérfræðingsleyfa í hjúkrun.

Reglugerð þessa skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. febrúar 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulagi við Súlunes 14.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Súlunes 14 í Garðabæ. Í breytingunni felst að heimilað verður að breyta einbýlishúsi sem fyrir er á lóðinni í tvíbýlishús. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breyting á skipulagsskilmálum í Hraunsholti, Ásum.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á skipulagsskilmálum sem fylgja deiliskipulagi Hraunsholts í Ásum í Garðabæ. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall í hverfinu hækkar. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F. h. Garðabæjar, 18. febrúar 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.